

Kópavogsbær
b.t. Ásdísar Kristjánsdóttur
bæjarstjóra
Digranesvegi 1
200 Kópavogur



Efni : Ósk um viðræður vegna lóðar undir stúdentaíbúðir

Í framhaldi af fundi okkar í júní 2022 og erindi Byggingafélags námsmanna til Kópavogsbæjar þann 15.september 2023 vill Byggingafélag námsmanna ítreka áhuga á uppbyggingu námsmannaíbúða í bæjarfélaginu.

Byggingafélag námsmanna var stofnað 1989 og hefur frá árinu 1993 átt og rekið stúdentaíbúðir fyrir námsmenn. Félagið á og rekur í dag tæplega 900 íbúðir, þar af tæplega 800 í Reykjavík og 100 í Hafnarfirði. Aðildarskólar félagsins eru Háskólinn í Reykjavík, Listaháskólinn, Tækniskólinn og Menntavísindasvið HÍ (áður Kennaraháskóli Íslands) en allir námsmenn, bæði á háskóla og framhaldsskólastigi sem náð hafa 18 ára aldri, eiga rétt á að sækja um íbúðir hjá Byggingafélaginu. Félagið er því hið eina sem er opið fyrir alla nemendur á höfuðborgarsvæðinu.

Reynsla Byggingafélagsins hefur verið jákvæð af því að hafa eignasafnið dreift um höfuðborgarsvæðið og stendur vilji félagsins til þess að byggja íbúðir á fleiri stöðum og í fleiri sveitarfélögum en nú er.

Mikil eftirspurn er eftir íbúðum félagsins en að jafnaði hafa verið yfir 300 umsóknir (einstaklingar og fjölskyldur) á biðlistum eftir íbúðum félagsins það sem af er þessu ári.

Byggingafélag námsmanna óskar því hér með eftir formlegum viðræðum við bæjaryfirvöld í Kópavogi um möguleika á að fá lóð undir stúdentaíbúðir í bæjarfélaginu.

Reykjavík 15.apríl 2025

f.h. Byggingafélags Námsmanna

Böðvar Jónsson, framkvæmdastjóri

Borgartúni 30, 105 Reykjavík